

Umhverfis-og auðlindaráðuneyti
b.t. Guðrúnar Pétursdóttur, formanns
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2020
Tilvísun: OS2018030034/21.0
Verknúmer: 3241005

Efni: Tilkynning Orkustofnunar um málsmeðferð innsendra vindorkukosta í 4. áfanga rammaáætlunar.

Orkustofnun vill með þessu bréfi gera verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar kunnugt um tilvonandi tilkynningu til framkvæmdaraðila vindorkukosta, sem stofnunin hyggst senda og varðar málsmeðferð hennar á innsendum vindorkukostum.

Í ljósi þess mikla fjölda vindorkukosta sem barst inn á borð Orkustofnunar eftir kall stofnunarinnar eftir virkjunarhugmyndum fyrir 4. áfanga rammaáætlunar og í ljósi þess að hagkvæmni vindorkukosta hefur batnað mjög í samanburði við vatnsorku og jarðhita, að teknu tilliti til hlutverks stofnunarinnar skv. 2. gr. laga, nr. 68/2003, um Orkustofnun, sér stofnunin nú ástæðu til að skýra málsmeðferð sína á innsendum vindorkukostum fyrir 4. áfanga rammaáætlunar. Með vísan til 2. mgr. 9. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, telur stofnunin að líta beri svo á að um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða skv. stjórnslulögum, nr. 37/1993, við skilgreiningu vindorkukosta. Er bréfið til framkvæmdaraðila sent óháð þeirri lagaóvissu sem ríkir um stöðu vindorkunnar, sem áður hefur verið fjallað um.

Að þessu sögðu, hefur Orkustofnun ritað meðfylgjandi bréf, sem sent verður á framkvæmdaraðila, og inniheldur nýjan og uppfærðan lista yfir kröfur stofnunarinnar um gagnaskil, sem byggir á þeim gögnum sem Orkustofnun ber að safna um virkjunarkost með vísan til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Eftir að Orkustofnun hefur yfirfarið þau gögn sem berast frá framkvæmdaraðilum vindorkukosta og tekið ákvörðun um það, hvort viðkomandi kostur sé nægilega skilgreindur, mun stofnunin senda gögnin áfram til verkefnisstjórnar til framhaldsmeðferðar. Orkustofnun bendir á að skv. 1. mgr. 10. gr. laganna, getur verkefnisstjórn látið safna viðbótargögnum áður en eiginlegt matsferli hefst.

Mun Orkustofnun byggja ákvörðun sína, um það hvort orkukostur teljist nægilega skilgreindur, á framangreindum lista, sem hefur verið endurbættur með hliðsjón af nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Eins og sjá má af meðfylgjandi dreifibréfi verður kallað eftir áætluðum stofn- og rekstrarkostnaði virkjunar, sem Orkustofnun byggir hagkvæmniflokkun sína á. Trúnaður mun ríkja um þær upplýsingar sem gefnar verða um nákvæman kostnað, en hagkvæmniflokkunin send til verkefnisstjórnar eins og áður hefur verið gert.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sylvía Rakel Guðjónsd.
Sylvía Rakel Guðjónsdóttir
Sérfræðingur

Harpa Þórunn Pétursd.
Harpa Þórunn Pétursdóttir
Lögræðingur

Fylgiskjöl: Dreifibréf: Upplýsingar um viðbótargögn vegna vindorkukosta til meðferðar hjá verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar, verður sent 21.09.2020